

Tilmæli 30/2024
Tillaga A 1962/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 30/2024 Grænar skattaumbætur og loftslagsstefna til framtíðar (A 1962/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar til greina við tilmælum 30/2024 um grænar skattaumbætur og loftslagsstefnu til framtíðar og áltí afgreiðslu þeirra lokið af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að innleiða almenna skattlagningu á losun gróðurhúsalofttegunda sem er hærrí en nú tíðkast og verji því aukafjármagni til þess að fjárfesta í nýsköpun í grænni tækni, í græna valkosti og grænar ávísanir til þeirra sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar hafa borist tilmæli 30/2024 um grænar skattaumbætur og loftslagsstefnu til framtíðar. Þar beinir Norðurlandaráð þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún innleiði gjöld af gróðurhúsalofttegundum og verji fénu til fjárfestinga.

Varðandi tilmælin þá staðfestir skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar að hvorki fjármálaráðherrar né umhverfisráðherrar Norðurlanda hafi heimild til að innleiða ákvarðanir um skatta og fjárfestingar í löndunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin tekur upplýsingarnar til greina.



Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Malte Larsen (S)

Mats Wiking (S)

Ola Elvestuen (V)

Christian Friis Bach (V)

Liz Matsson (Lib)

Krista Mikkonen (gröna)

Hildur Sverrisdóttir (Sj.)

Anne Kristine Linnestad (H)

Martin Paasi (saml)

Karsten Filso (SF)

Staffan Eklöf (SD)